



Hlíðarfjall
AKUREYRI

SAMSTARFSSAMNINGUR

Menntaskólinn á Tröllaskaga og Hlíðarfjall, Akureyri

gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um samstarf í tengslum við kennslu í skíðaiþróttum.

Markmið samningsins er að efla framhaldsskólanám er tengist íþróttum í snjó, þá sérstaklega skíðaiðkun en einnig snjóbrettum og öðru sem tengist þessum atriðum. Leggur Hlíðarfjall til sérfræðinga í skíðakennslu og skíðasvæði en Menntaskólinn á Tröllaskaga leggur til kennslufræði og þekkingu á útivistarkennslu. Dæmi um sameiginleg viðfangsefni geta verið að nemendur læri að

- sjá um skíða- og snjóbrettakennslu fyrir byrjendur
- starfa á formlegu skíðasvæði
- þekkja öryggisatriði og vinnulag
- efla sig sem íþróttamenn á skíðum
- leggja mat á aðstæður og beita þeim sérhæfða búnaði sem notaður er til skíðaiðkunar
- vera meðvitaður um umhverfi sitt, hafa lært að njóta þess, virða og nýta á skynsamlegan hátt með sjálfbærni í huga
- geta tekið þátt í upplýstri umræðu og rökræðum um málefni er tengjast skíðamennsku
- meta náttúru Íslands og góða umgengni við hana
- vera vel undirbúnir fyrir frekara nám einkum á sviði kennslu útivistar á háskólastigi

Til að ná markmiðum samstarfsins mun hvor um sig tilnefna tengiliði er sjá um samstarfið.

Fjallabyggð, 14. desember 2017

f.h. Hlíðarfjalls

f.h. Menntaskólans á Tröllaskaga